

Til borgarráðs

***Umsögn um fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks varðandi greiðslur vegna frístundastarfsemi sjálfstætt rekinna skóla***

Með tölvuskeyti skrifstofu borgarstjórnar, dags. 17. mars 2017, var óskað umsagnar borgarlögmans um fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks varðandi greiðslur vegna frístundastarfsemi sjálfstætt rekinna grunnskóla sem lögð var fram á fundi borgarráðs 16. s.m.

Í fyrirspurninni kemur meðal annars fram að Reykjavíkurborg hafi greitt framlag til sjálfstætt rekinna skóla vegna rekstrar frístundastarfsemi þeirra fyrir yngstu nemendurna án þess að gerðir hafi verið um það samningar. Segir jafnframt að eðlilegt sé að unnið sé að slíkri samningsgerð í sátt og samvinnu við umrædda skóla án þess að skólunum sé hótad því að greiðslu framlags til þeirra verði hætt sætti þeir sig ekki við breytt fyrirkomulag innan þröngra tímamarka eða tveggja vikna.

Af fyrirspurninni verður ráðið að óskað er álits á eftirfarandi atriðum:

1. Fyrirkomulagi útreiknings og greiðslu framlags Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekinna grunnskóla í borginni vegna frístundastarfsemi þeirra.
2. Samskipti Reykjavíkurborgar við sjálfstætt rekna grunnskóla í tengslum við gerð samninga og önnur atriði.

***1. Framlag Reykjavíkurborgar vegna frístundastarfsemi sjálfstætt rekinna grunnskóla***

Reykjavíkurborg hefur í tæpan áratug, umfram skyldu, veitt framlag til sjálfstætt rekinna grunnskóla í borginni vegna frístundastarfsemi þeirra. Á fundi borgarráðs hinn 1. nóvember 2007 var samþykkt að niðurgreiða vistun 6-8 ára nemenda á frístundaheimilum sjálfstætt rekinna grunnskóla í Reykjavík með sambærilegum hætti og gert er fyrir dvöl nemenda á frístundaheimilum í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Á grundvelli þessarar samþykktar og samninga sem íþrótta- og tómsundasvið hafði þá áður gert við þrjá sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík hefur skóla- og frístundasvið (hér eftir nefnt SFS) greitt framlag vegna vistunar reykvískra nemenda á frístundaheimilum tilvitnaðra skóla. Við ákvörðun framlags Reykjavíkurborgar hefur verið við það miðað, að SFS greiði sjálfstætt reknum grunnskólum fjárhæð sem nemur mismun á gjaldskrá viðkomandi skóla og gjaldskrá grunnskóla Reykjavíkurborgar. Nánar tiltekið hefur fyrirkomulagið verið þannig að ef gjald samkvæmt gjaldskrá sjálfstætt rekens grunnskóla er 20.000 krónur fyrir nemanda sem dvelur á frístundaheimili skólans í þrjá tíma á dag fimm daga vikunnar en gjald samkvæmt gjaldskrá grunnskóla Reykjavíkurborgar er 15.000 krónur fyrir sömu þjónustu, þá hefur SFS greitt

hlutaðeigandi sjálfstætt reknum grunnskóla kr. 5.000 vegna dvalar reykvískra nemenda á frístundaheimili skólans. Á hinn bóginn hefur það ekki áhrif á framlag Reykjavíkurborgar til frístundastarfsemi sjálfstætt rekinna grunnskóla þegar skólarnir hækka einhliða gjaldskrá sína.

#### *Lög um grunnskóla og síðari breytingar*

Samkvæmt ákvæði 43. gr. b. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, á sjálfstætt rekinn grunnskóli, sem hefur gert þjónustusamning við sveitarfélag samkvæmt 43. gr. a., rétt á framlagi úr sveitarsjóði vegna starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að framlagið skuli að lágmarki nema „75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.“

Með lögum nr. 76/2016 var lögum nr. 91/2008 um grunnskóla breytt á þann veg að sett var inn í lögin nýtt ákvæði sem kveður á um að öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skuli gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila, sbr. ákvæði 33. gr. a. laga um grunnskóla. Af þessu ákvæði leiðir að öllum grunnskólum, hvort sem er reknum af einkaaðila eða sveitarfélagi, er skylt að gefa nemendum sínum í tilvitnuðum árgöngum kost á þjónustu frístundaheimila. Í nefndarálitni meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, kemur fram að „ákvæðum frumvarpsins væri ekki ætlað að breyta gildandi rétti í grundvallaratriðum heldur að skerpa á lagaumgjörð sjálfstætt starfandi skóla.“ Einnig segir í álitinu, að eitt markmiða frumvarpsins sé að auka skýrleika laganna um starfsemi frístundaheimila sem ætluð eru börnum í yngri árgöngum grunnskóla. Þá segir í umfjöllun um sjálfstætt rekna grunnskóla í álitinu, að í 1. mgr. c-liðar 6. gr. frumvarpsins sé lagt til að framlag sveitarsjóðs nemi að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda og að það fyrirkomulag haldist óbreytt frá gildandi lögum. Fulltrúar sjálfstætt rekinna skóla hafi á fundum með nefndinni óskað eftir því að tilvitnað lágmarkshlutfall framlags yrði hækkað í 90% í stað 75%. Á hinn bóginn hafi fulltrúar sveitarfélaga bent nefndinni á að í raun ætti að lækka þetta lágmarkshlutfall þar sem að í núverandi framlagi sé gert ráð fyrir kostnaði sem falli almennt ekki á sjálfstætt rekna skóla, til dæmis vegna frístundastarfsemi. Í tilvitnuðu nefndarálitni kemur fram sú niðurstaða meiri hluti nefndarinnar að ekki sé ástæða til þess að leggja til breytingu varðandi þennan þátt frumvarpsins.

Af framangreindri afstöðu má draga þá ályktun að það er ekki vilji löggjafans að nýlögð skylda á grunnskóla þess efnis að að bjóða skuli nemendum í yngri árgöngum upp á þjónustu frístundaheimila eigi samhliða að hafa í för með sér auknar skyldur fyrir sveitarfélög, til dæmis í formi framlags vegna þess hluta starfsemi þeirra sem snýr að rekstri frístundaheimila. Þannig er sveitarfélögum ekki lagalega skylt að greiða sjálfstætt reknum grunnskólum, sem gerður hefur verið þjónustusamningur við, annað framlag en það sem kveðið er á um í 43. gr. a. grunnskólalaga, með síðari breytingum, hvort sem er fyrir skóla- eða frístundastarfsemi þeirra. Ákvörðun um hvort og þá hvaða framlag greiða eigi sjálfstætt reknum grunnskólum vegna frístundastarfsemi þeirra er því áfram í höndum einstakra sveitarfélaga, þrátt fyrir lagabreytinguna, enda kveða grunnskólalögin ekki á um skyldubundið framlag að þessu leyti.

Í ljósi þess að Reykjavíkurborg hefur eins og að framan greinir greitt sjálfstætt reknum grunnskólum framlag, umfram skyldu, vegna frístundastarfsemi þeirra, þá verður að telja að

ákvörðun um framlag vegna þessa þáttar starfsemi umræddra skóla sé áfram í höndum Reykjavíkurborgar, að teknu tilliti til þeirrar áralöngu venju sem gilt hefur um þetta atriði. Þá er eðlilegt að Reykjavíkurborg geri kröfu um að sjálfstætt reknir grunnskólar sem óska eftir því að fá framlag vegna frístundastarfsemi geri samninga við sveitarfélagið þar að lútandi með áþekktum hætti og gert er um annað framlag til starfsemi þessara skóla.

2. *Samskipti Reykjavíkurborgar við sjálfstætt rekna grunnskóla í tengslum við gerð samninga og tengd atriði.*

Á yfirstandandi skólaári hefur SFS unnið að endurskoðun á fyrirkomulagi framlags Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna frístundastarfsemi þeirra. Er sú vinna meðal annars tilkomin vegna kröfu fyrirvarsmanna sjálfstætt rekinna grunnskóla um að Reykjavíkurborg greiði hærra framlag á grundvelli systkinaafsláttar, en í gjaldskrá og fjárhagsáætlunum SFS fyrir árin 2015 - 2016 var ekki gert ráð fyrir að systkinaafsláttur taki til gjalds fyrir þjónustu frístundaheimila sjálfstætt rekinna grunnskóla.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 26. október 2016 var sviðsstjóra SFS falið að skoða málið út frá tilgreindum forsendum. Á fundi skóla- og frístundaráðs, sem haldinn var hinn 14. desember 2016, var sviðsstjóra SFS falið að leggja fram drög að samningi við sjálfstætt rekna grunnskóla vegna framlags Reykjavíkurborgar til frístundastarfsemi þeirra. Hinn 11. janúar 2017 samþykkti skóla- og frístundaráð að fela sviðsstjóra SFS að afla umsagnar frá sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík um drög að samningi um framlag vegna frístundastarfsemi þeirra. Af þessu tilefni sendi SFS tilvitnuðum skólum bréf þar sem veittur var svarfrestur til 30. janúar 2017, en að beiðni Samtaka sjálfstæðra skóla framlengdi SFS svarfrestinn til 27. febrúar 2017. Af hálfu SFS var lagt til að gildistími samnings um framlag vegna frístundastarfsemi taki einvörðungu til vorannar skólaársins 2016-2017, þar sem ekki liggja fyrir viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks sem mennta- og menningarmálaráðuneytið mun gefa út að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga til samræmis við 4. mgr. 33. gr. a. grunnskólalaga, með síðari breytingum. Nánar tiltekið gerir SFS ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi framlags til frístundastarfsemi sjálfstætt rekinna grunnskóla þar til gæðaviðmið mennta- og menningarmálaráðuneytisins liggja fyrir og jafnframt nánari upplýsingar um frístundastarfsemi einstakra fyrrnefndra skóla. Þrátt fyrir beiðni SFS um upplýsingar frá umræddum skólum í samræmi við framangreint og jafnvel þótt fyrirvarsmenn þeirra hafi verið upplýstir um þessa vinnu af hálfu SFS, barst engin umsókn um gerð samnings og framlag frá Reykjavíkurborg vegna frístundastarfsemi skólanna.

Í áðurnefndri fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins er vísað til þess, að verið sé að „[...] stilla sjálfstætt reknum skólum upp við vegg innan þröngra tímamarka“ og að umræddum skólum „sé hótad því að greiðslur til þeirra vegna þessarar þjónustu verði felldar niður, sætti þeir sig ekki við breytt fyrirkomulag innan tveggja vikna“ . Undirrituð gerir ráð fyrir því að hér sé verið að vísa til þess að á fundi skóla- og frístundaráðs hinn 8. mars 2017 var sviðsstjóra SFS falið að tilkynna tilvitnuðum skólum með yngri árganga að ekki verði greitt framlag vegna reksturs frístundaheimila þeirra á vorönn 2017 ef ekki berst umsókn hlutaðeigandi skóla þar að lútandi fyrir 17. mars 2017 og gerður samningur um framlagið sem samþykktur er af skóla- og frístundaráði og borgarráði.

Aðdragandi að þessari bókun skóla- og frístundaráðs frá 8. mars 2017 var sá, að áður hafði

umræddum skólum, eins og að framan greinir, verið veittur frestur frá 17. janúar til 27. febrúar 2017 til að svara bréfi SFS um hvort þeir óskuðu eftir því að Reykjavíkurborg gerði við þá samning og greiddi framlag vegna frístundastarfsemi þeirra. Verður að telja að það samráð sem SFS hefur leitast við að hafa við sjálfstætt rekna grunnskóla og jafnframt þeir tímafrestir sem SFS hefur veitt fyrirvarsmönnum þessara skóla til að taka afstöðu til fyrirbyggjandi samningsdraga hafi verið eðlilegur og sanngjarn, ekki síst í ljósi fyrirhugaðs skamms gildistíma samningsins.

F.h. borgarlögmanns

Ebba Schram